

Pétur Ingi Haraldsson,
Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnassýslu



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 30. júní 2014
Tilvísun: UST20140500242/ksj

Tillaga að breyttu deiliskipulagi í Kerbyggð í landi Klausturhóla í Grímsnesi

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa uppsveita Árnassýslu er barst 28. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breyttu deiliskipulagi á 20 ha svæði í landi Klausturhóla í Grímsnesi, Kerbyggð. Á svæðið munu koma 51 orlofshús á 2000 fm lóðum ásamt þjónustuhúsi.

Náttúruminjar

Skipulagssvæðið liggur meðfram Biskupstungnabraut vestan við Seyðishóla og er alfarið inni á svæði nr. 745 á náttúruminjaskrá, Kerhóll við Seyðishóla. Í skránni segir um náttúruminjarnar: *Kerhóll ásamt spildu umhverfis sem afmarkast af vegum. Að suðvestan 400 m spilda út frá gígnum. Tilkomumikill gjallklepragígur, ein af tólf eldstöðvum sem mynduðu Grímsneshraun.*

Umhverfisstofnun bendir á að hér er verið að áætla mjög þetta frístundabyggð á svæði á náttúruminjaskrá og á svæði þar sem er hraun sem nýtur sérstakrar verndar skv. 37. gr. laga nr.44/1999 um náttúruvernd. Umhverfisstofnun tekur undir að þrátt fyrir þetta niðurröðun lóða þá er miðju svæðisins haldið sem útivistarsvæði og ef farið verður að skilmálum skipulagsins verður þar ósnortinn hluti til útivistar sem mun sýna náttúrulegt ástand svæðisins.

Umhverfisáhrif

Ofangreind skipulagstillaga mun hafa áhrif á svæði á náttúruminjaskrá og svæði með grófu hrauni. Að mati Umhverfisstofnunar verða sjónræn áhrif af svo þéttri orlofsbyggð vegna ásyndarbreytinga á svæðinu, en tekur undir að til mótvægis er mesta mænishæð ætluð 4,5 m. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að forðast verði allt óþarfa rask við framkvæmdir á svæðinu.

Fráveita

Umhverfisstofnun tekur undir áætlun um sameiginlega fráveitu og að forðast verði allt óþarfa rask við lagninguhennar.

Niðurstaða

Umhverfisstofnun bendir á að alltaf stækkar sá hluti birkivaxins hrauns í Grímsnesi er fer undir frístunda- og orlofsbyggð. Ofangreint svæði mun stinga í stúf við þegar byggð

frístundasvæði þar sem orlofshúsin eru áætluð þéttari og lóðir minni. Að mati Umhverfisstofnunar er það til mótvægis að orlofsbyggðin er áætluð lág og hluti svæðisins verður ósnortinn til útvistar.

Virðingarfyllt

Kristín S. Jónsdóttir
Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur

Björn Stefánsson
Björn Stefánsson
Sérfræðingur

Skipulagsstofnun

